

# Stjórnarfundur FFA

Haldinn 8. mars 2010

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Telma Dögg Guðlaugsdóttir.

## 1. Árshátíðarkvöldverður 10.bekkjjar

Kvöldverðurinn verður haldinn í fyrsta sinn í Akurskóla 9. mars nk. Foreldrar 10. bekkinga elda hátíðarkvöldverð fyrir nemendur og kennara. Nemendur verða með skemmtiatriði og hljómsveit skipuð nemendum skólans spilar. Ákveðið að kaupa kertastjaka og blómavasa sem félagið getur síðan átt fyrir næstu árganga. Einnig er búið að panta barmblóm sem gjaldkeri mun sjá um að borga.

## 2. Bréf frá Skólamat

Félaginu barst bréf frá Skólamat þar sem þeir vilja hitta fulltrúa úr foreldrafélaginu til að ræða málin. Ákveðið að skoða málið í samráði við önnur foreldrafélög í Reykjanesbæ, FFGÍR. Lítið sem ekkert er um að foreldrar komi skoðunum sínum á framfæri til stjórnar FFA

## 3. Reykjaferð

Jóna Guðrún átti fund með skólayfirvöldum vegna Reykjaferðar. Ferðin er alfarið á vegum skólans en foreldrar sjá um fjáröflun enda litlir peningar til fyrir bekkjaferðir á þessum sparnaðartímum. Foreldrar eru byrjaðir að undirbúa fjáröflun fyrir næsta ár.

## 4. Skólaráðsfundur

Hulda sagði frá því helsta sem rætt var um á skólaráðsfundi. Eineltiskönnun sem gerð var meðal nemenda í 4. – 10.bekk var kynnt. Verkefni Kópunnar er í fullum gangi og er, Magnús Valur Pálsson, foreldri í skólanum, að teikna upp svæðið. Von er á Svíum og Finnum í heimsókn í aprílmánuði en það tengist skólaverkefni sem 5. og 6. bekkur hefur verið að vinna að frá því á síðasta skólaári. Nemendur koma í heimsókn ásamt nokkrum foreldrum. Þau munu gista í skólanum og dvelja í nokkra daga. Rætt var um að foreldrar nemenda í 4. og 5. bekk héldu skemmtikvöld og diskó kvöldið áður en þau yfirgefa landið.

## 5. Námsráðgjafi

Búið er að ráða námsráðgjafa í 50% stöðu við skólann. Fundarmenn voru að vonum ánægðir með það.

## **6. Innheimta félagsgjalda**

Innheimtan hefur verið mjög góð. Um 90% foreldra hafa greitt.

## **7. Páskabingó**

Ákveðið var að kaupa 100 bingóspjöld til viðbótar við þau 100 spjöld sem félagið á nú þegar. Einnig var rætt um að gott væri að semja við Njarðvíkurskóla um að skiptast á spjöldum þegar skólarnir væru að halda bingó enda óþarfi að allir sitji uppi með nokkur hundruð spjöld sem aðeins eru notuð 1–2x á ári. Hafdís mun tala við formann Njarðvíkurskóla.

## **8. Endurskinsvesti fyrir 1. og 2. bekk**

Sparisjóðurinn í Keflavík styrkti FFGÍR svo að hægt væri að kaupa vesti fyrir yngstu bekkina. FFGÍR greiddi helming kostnaðar á móti bankanum. Búið er að afhenda vestin.

## **9. Félagsfundur**

Fundur skipulagður. Hringja þarf í ritfanganefnd en ekkert hefur heyrst frá þeirri nefnd síðan hún var kosin á félagsfundi í haust. Ákveðið að hafa þankahríð varðandi samskipti heimilis og skóla undir önnur mál á fundinum. Gott að heyra hvernig foreldrar sjá fyrir sér þetta samstarf almennt.

## **10. FFGÍR**

Enginn úr stjórninni komst á síðasta fund. Mikilvægt að þær stjórnarkonur sem tóku að sér þá fundi (Lovísa og Hulda) láti vita ef þær komast ekki svo að einhver annar geti hlaupið í skarðið.

## **11. Peysunefnd**

Ingigerður Sæmundsdóttir, umsjónarkennari 10.bekkjara, hefur haft veg og vanda að peysumálunum í 10.bekk. Jóna Guðrún mun hafa samband við hana til að athuga hvernig gekk. Síðan mun stjórnin hafa annan mátunar- og pöntunardag, fljótlega, svo að sem flestir geti keypt peysur. Einnig þarf að ákveða hversu mikið 10.bekkur á að fá í styrk vegna peysusölnunar.

## **12. Skólahreysti**

18. mars munu nemendur fara og hvetja sitt skólalið í Skólahreysti. Ákveðið að styrkja unglíngastigið um 25.000 kr. vegna rútuferðar. Þá þurfa nemendur einungis að borga 500 kr. í rútu í stað 1000 kr.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir